

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Hvammstangi 26. febrúar 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, mál nr. 29/2020 í samráðsgátt stjórnvalda

Í samráðsgátt stjórnvalda eru til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur farið yfir drögin og gerir athugasemdir við þann hluta sem snýr að tekjustofnum sveitarfélaga.

Í 12. gr. frumvarpsins kemur fram að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sé heimilt að halda eftir allt að 1.000 millj. kr. af tekjum sjóðsins í fimmtán ár til að mæta greiðslu á sérstökum framlögum úr sjóðnum sem koma til vegna sameiningar sveitarfélaga. Sameiningaframlög hafa verið lögbundið hlutverk sjóðsins í langan tíma og hafa þau verið að jafnaði um 300 millj. kr. á ári sl. 10 ár. Nettóáhrif þessa ákvæðis eru því 700 millj. kr. á ári næstu fimmtán ár. Í 6. kafla greinargerðar með frumvarpsdrögunum kemur fram að framlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga muni lækka sem því nemur á tímabilinu. Ef þær áætlanir sem koma fram í frumvarpsdrögunum um sameiningar sveitarfélaga ganga eftir munu útgjöld vegna sameininga aukast verulega sem leiðir til lækkunar annarra framlaga úr sjóðnum til sveitarfélaga. Því má gera ráð fyrir að framlög til sveitarfélaga lækki um 700 milljónir árlega í fimmtán ár. Þetta telur sveitarstjórn Húnaþings vestra óásættanlegt.

Í 6. kafla greinargerðar er þess getið að viðræður fari fram um möguleikann á því að sjóðnum verði tryggðar auknar tekjur úr ríkissjóði til að lágmarka þau áhrif sem kunna að verða á framlögum sjóðsins vegna fjölgunar á sameiningum sveitarfélaga. Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur ríka áherslu á að það framlag sem ætlað er til sameininga sveitarfélaga verði ekki til lækkunar á öðrum framlögum úr sjóðnum heldur verði Jöfnunarsjóði tryggðar auknar tekjur úr ríkissjóði til að koma til móts við aukin framlög vegna fjölgunar á sameiningum sveitarfélaga.

Vert er að vekja athygli á samþykkt aukalandsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem m.a. kemur fram að mikilvægt sé að ríkissjóður veiti sérstök fjárframlög til Jöfnunarsjóðs til að fjármagna stuðning við sameiningu sveitarfélaga. Sveitarstjórn Húnaþings vestra telur óásættanlegt að sveitarfélögin beri ein þann kostnað sem til fellur vegna sameininga, ríkið verður að koma að málum með viðbótarfjármagn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Virðingarfyllt,

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri